

Nefndasvið Alþingis
b.t allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2013.

Efni: Afstaða Íslandsspila sf. til umsagnar Happraættis Háskóla Íslands, dags. 12. febrúar 2013, til frv. til laga um breyting á lögum um happraætti nr. 38/2005, þskj. 615, 477. mál.

Vísað er til umsagnar Íslandsspila sf. (hér eftir Íslandsspil) sem send var nefndinni með bréfi, dags. 4. febrúar sl. Eftir sendingu nefndrar umsagnar Íslandsspila gafst félaginu kostur á að lesa umsagnir annarra umsagnaraðila. Vegna þess sem fram kemur í umsögn Happraættis Háskóla Íslands (hér eftir HHÍ), dags. 12. febrúar sl., telja Íslandsspil þörf á að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Í umsögn HHÍ kemur fram að stofnunin telji „heppilegra“ að leyfi til rekstur peningahappraættis á netinu verði einungis veitt HHÍ. Er álit þetta sett fram án frekari rökstuðnings. Að mati Íslandsspila tekur þessi afstaða HHÍ á engan hátt tillit til raunverulegrar stöðu á íslenskum happraættismarkaði. Óþarfi er að taka fram að fjölmargir aðilar starfa á þeim markaði skv. sérstökum lögum frá Alþingi, en tveir aðilar njóta þar nokkurrar sérstöðu – annar vegar HHÍ með rekstri happraættisvéla og hins vegar Íslandsspil með rekstri söfnunarkassa. Starfræksla þessara happraættisvéla og söfnunarkassa er mikilvæg tekjulind beggja aðila á þeim markaði og hefur HHÍ ekki sérstöðu hvað það varðar eins og ráða má af nefndri umsögn. Sú afstaða HHÍ að ekki eigi að veita leyfi öðrum en HHÍ leyfi fyrir peningahappraætti á netinu ber að mati Íslandsspila þess merki að hér sé eingöngu tekið tillit til hagsmuna HHÍ, en ekki til hagsmuna annarra aðila á markaðinum og þar af leiðandi til hagsmuna markaðarins í heild. Að teknu tilliti til þess að sífellt fleiri einstaklingar nýta sér möguleika að spila happraætti á netinu telur Íslandsspil, þvert á afstöðu HHÍ, að verði öðrum ekki veitt leyfi til rekstur happraættis á netinu muni slíkt ógna tekjulind Íslandsspila og draga verulega úr getu félagsins til að afla fjár til mannúðar og velferðarmála þegar til framtíðar er litið. Mun slík þróun leiða til frekari skerðingar á fjáröflunarleiðum Íslandsspila en tekjur félagsins hafa minnkað umtalsvert á undanförunum árum.



Auk framangreinds verður ekki hjá því komist að benda á hinn sérstaka tilgang með fyrrnefndu frumvarpi, en í því segir að hann sé að „stuðla að ábyrgri spilun þar sem ágóðinn rennur eingöngu til innlendrar góðgerðarstarfsemi.“ Að mati Íslandsspila er ekki hægt að rökstyðja með góðu móti að rekstur og uppbygging Háskóla Íslands, sem starfar á samkeppnismarkaði hvað háskólamenntun varðar, falli undir þennan tilgang laganna. Þess heldur ber að telja að starfsemi Rauða Krossins á Íslandi, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þ.e. eigenda Íslandsspila, sé betur til þess fallin, enda styrkir starfsemi þeirra mikilvægar undirstöður í íslensku samfélagi, þar sem unnið er að fjölbreyttu starfi í mannúðar- og velferðarmálum.

Að síðustu hafna Íslandsspil sjónarmiðum HHÍ um að núverandi einkaleyfi HHÍ, eins og haldið er fram í nefndri umsögn, verði talið leiða til þess að HHÍ skuli fá einkaleyfi til reksturs peningahappdrættis á netinu. Slík niðurstaða er með öllu ótæk að teknu tilliti til þess að einkaleyfi HHÍ stafar frá árinu 1963, þ.e. frá þeim tíma er eingöngu var að um að ræða sölu á áþreifanlegum hlutamiðum, svo og þeirrar staðreyndar að hugtakið peningahappdrætti hefur tekið verulegum breytingum að teknu tilliti til samfélagsþróunar og er ekki skilgreint sérstaklega í lögum. Slík niðurstaða myndi, eins og þegar er rakið, leiða til verulegrar röskunar á stöðu aðila og leiða til svo mikillar lækkunar á tekjum Íslandsspila og koma yrði til niðurskurðar í starfsemi þeirra félaga sem að Íslandsspilum standa.

Að teknu tilliti til framangreinds hafna Íslandsspil alfarið þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn HHÍ, en vísar að öðru leyti til umsagnar sinnar sem send hefur verið til allsherjar- og menntamálanefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Íslandsspila



Magnús Snæbjörnsson
framkvæmdastjóri